

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um niðurstöður starfshóps
um lækkun lífeyristökualdurs tiltekinna starfshópa.

Frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur.

Hefur starfshópur sem ráðherra var gert að skipa til að greina með heildstæðum hætti þörf á því að lífeyristökualdur tiltekinna starfshópa verði lægri en almennt tíðkast, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016, skilað niðurstöðum sínum? Ef svo er, hverjar voru niðurstöðurnar og hver eru áætluð næstu skref? Ef ekki, hver er staða vinnu starfshópsins?

Skriflegt svar óskast.